



Reykjavíkurborg
Borgarlögmaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3115
komudagur 14.8.2008

Reykjavík, 14. ágúst 2008
R08070017
175

Alþingi - Umhverfisnefnd
Hildur Eva Sigurðardóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að breytingatillögum við frumvarp til skipulagslaga, 374. mál, heildarlög.

Með bréfi dags. 4. júlí sl. óskaði umhverfisnefnd Alþingis umsagnar Reykjavíkurborgar um drög að nefndarálitum og drög að breytingatillögum um frumvarp til skipulagslaga, 374. mál, heildarlög.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur með bréfi til umhverfisnefndar dags. 17. júlí sl. gefið umsögn um breytingatillögurnar. Reykjavíkurborg styður þær athugasemdir sem þar eru gerðar og þau sjónarmið sem fram koma og telur ekki ástæðu til að bæta neinu þar við.

Kristbjörg Stephensen, hdl.
borgarlögmaður

Hjálagt:
Afrit bréfs Sambands ísl. sveitarfélaga 17.07.2008

Reo20155
2.175

Alþingi umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. júlí 2008

0802089SA /GB

Tilv.: 180

Efni: Umsögn um breytingartillögur við frumvarp til skipulagslaga, 374. mál.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 4. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um drög að nefndarálitni og breytingartillögum við ofangreint frumvarp.

Í nefndarálitinu segir meðal annars: „Mikil andstaða kom frá sveitarfélögunum við hvernig hugmyndir um landsskipulagsáætlun eru útfærðar í frumvarpinu og telja þau að verið sé að skerða sjálfsákvörðunarrétt þeirra í skipulagsmálum. Telur nefndin æskilegt að samstaða náist milli aðila þegar um svo veigamikla breytingu er að ræða. Eins og sakir standa telur nefndin að frekari vinna og umræða þurfi að fara fram áður en efnisleg afstaða verði tekin til þeirra breytinga.“ Umsögn þessi fjallar því eingöngu um þau atriði sem nefndin tekur afstöðu til í drögum að nefndarálitni og breytingartillögum. Um afstöðu sambandsins til III. kafla frumvarpsins vísast til fyrri umsagnar og bókunar stjórnar sambandsins frá 23. maí sl. sem send var umhverfisnefnd Alþingis með bréfi sama dag.

Samband Íslenskra sveitarfélaga tekur í meginatriðum undir þær breytingar sem nefndin leggur til á frumvarpinu. Sambandið telur breytingu sem lögð er til á 22. gr. frumvarpsins vera til verulegra bóta en þar er lagt til að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu geti gert samkomulag við nærliggjandi sveitarfélög um aðild þeirra að svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið. Að álitni sambandsins felst í þessari tillögu viðurkenning á þróun sem átt hefur sér stað á síðustu árum í átt til aukinnar samvinnu sveitarfélaga á því sem nefna má „Stór-höfuðborgarsvæði“, m.a. með aukinni áherslu á almenningssamgöngur innan svæðisins. Sambandið minnir þó á að ákvæði um svæðisskipulag eru verulega breytt frá gildandi lögum. Þannig er ekki gerð krafa um að svæðisskipulag nái til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur getur það t.d. tekið til ákveðinna þátta landnotkunar á tilteknu landssvæði. Svæðisskipulag á þannig ekki að fjalla um einstakar framkvæmdir heldur er því ætlað að setja fram megin stefnu um helstu sameiginlegu hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, sem aðrar skipulagsáætlanir byggja síðan á. Þessi breyting vekur m.a. spurningar um rétt hæð skipulagsáætlana, þ.e. hvort eðlilegt sé að kveða svo afdráttarlaust á líkt og gert er í 7. mgr. 12. gr. frumvarpsins, að svæðisskipulag sé rétt hærra en aðalskipulag.

Einnig telur sambandið breytingu sem nefndin leggur til á 42. gr. vera til verulegra bóta en þar er gert ráð fyrir töluverðri styttingu á afgreiðslutíma deiliskipulags með þeirri breytingu að Skipulagsstofnun taki skipulagstillögu aðeins til athugunar ef ástæða er til að ætla að form- eða efnisgallar séu á deiliskipulagi sem henni er send. Skal ákvörðun um slíka athugun liggja fyrir innan tíu daga frá því að henni barst deiliskipulagið. Þau sveitarfélög sem eru verr

Í stakk búin að annast gerð deiliskipulags geta þrátt fyrir þessa breytinga áfram leitað í þá þekkingu sem Skipulagsstofnun býr yfir.

Í upphaflegu frumvarpi er lagt til að Skipulagsstofnun fái vald til þess að staðfesta svæðis- og aðalskipulag sem og breytingar á gildandi skipulagi, sbr. einkum 25., 32. og 36. gr., í þeim tilgangi að stytta skipulagsferlið. Sambandið er ekki sammála þeim breytingum sem nefndin leggur til á umræddum frumvarpsákvæðum, en þar er gert ráð fyrir að staðfestingarvaldið verði áfram hjá umhverfisráðherra. Leggur sambandið til að umrædd frumvarpsákvæði standi óbreytt.

Aðrar breytingar sem nefndin leggur til á frumvarpinu telur sambandið vera ásættanlegar og almennt til þess fallnar að skýra efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs